

ÓPIÐ BRÉF RÍKISSTJÓRA ÍSLANDS

um þingslit.

100

9. júlí

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: að ég hef ákveðið, að aukafundi Alþingis, 57. löggjafarþingi, skuli slitið fimmtudaginn 10. júlí 1941, eða síðar, ef fundir dragast.

Mun ég því slíta Alþingi þann dag, sem fundum er lokið.

Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

AUGLÝSING

101

15. júlí

um staðfestingu ríkisstjóra Íslands á þingsályktun 10. júlí 1941,
um hvernd Íslands.

Á fundi ríkisráðs þann 10. júlí 1941 staðfesti ríkisstjóri Íslands þingsályktun gerða sama dag um, að Bandaríkjun Norður-Ameríku sé falin hvernd Íslands, meðan núverandi styrjöld stendur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 15. júlí 1941.

Hermann Jónasson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

102

18. júlí

um viðauka við lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27
13. janúar 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. janúar 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta, hafi í sér fólgnar ýmsar breytingar, er ekki þola bið, þar á meðal heimild fyrir félögin til þess að tryggja veiðarfæri og til þess að tryggja báta fyrir stríðs-slysum.

Þar sem ekkert gildistökuákvæði er í lögum þessum, og þau öðlast því ekki gildi fyrr en 12 vikum eftir birtingu þeirra í Stjórnartíðindunum, telur atvinnumálaráðherra nauðsyn bera til að með bráðabirgðalögum verði ákveðið, að framangreind lög skuli öðlast gildi þegar í stað.